

BORGARRÁÐ 6. október 2022: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gagnaleka – MSS22080059

Fyrirspurn í framhaldi af svari þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) við fyrirspurn Flokks fólksins um gagnaleka. Fulltrúi Flokks fólksins hefur áður komið fram með fyrirspurnir um öryggismál og telur að með niðurlagningu starfs öryggisstjóra sviðsins árið 2020, hafi ekki verið tekið skref til aukins öryggis gagna borgarinnar. Fram hefur komið í svörum sviðsins að einhverskonar tilraunastarfsemi eða þróun varðandi öryggismál hafi farið í gang í kjölfar uppsagnar öryggisstjóra. Í svar ÞON sem vísað er í hér segir að auðvelt sé að rekja atvik ef uppákomur verða. Þeir notendur sem óska eftir möguleika á stjórnendaréttindum þurfa einnig að undirgangast frekari þjálfun í upplýsingaöryggi, en sú þjálfun verður veitt í gegnum Torgið, fræðslukerfi Reykjavíkurborgar. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvernig þessari þjálfun í upplýsingaöryggi hjá Torginu er háttað í dag.